

## Fundargerð 290. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 12. desember 2023  
**Fundartími:** 11:00-11:55  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson (í fjarfundarbúnaði)  
Harpa Magnúsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 270, dags. 29.11.2023

#### a) Vestur-Meðalholt; Íbúðarbyggð: Deiliskipulag – 2311079

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis landi Vestur-Meðalhólts í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarveggar og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Öfundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m<sup>2</sup> til 21.938 m<sup>2</sup> og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða kynningu á aðalskipulagsbreytingu vegna svæðisins.*

Fyrir liggur tillaga deiliskipulags sem tekur til nýs íbúðarsvæðis landi Vestur-Meðalhólts í Flóahreppi. Skipulagssvæðið er staðsett suðaustan við Selfoss, milli Gaulverjabæjarveggar og íbúðarbyggðar í Rima, og er um 20 ha að stærð. Aðkoma er um nýja vegtengingu frá Öfundarholtsvegi. Á skipulagssvæðinu eru afmarkaðar 17 lóðir. Stærð lóða er frá 7.499 m<sup>2</sup> til 21.938 m<sup>2</sup> og er nýtingarhlutfall lóða skilgreind að hámarki 0,05. Byggingarreitir innan skipulagsins eru merktir B1-B2-B3 og gilda mismunandi heimildir innan þeirra. Innan lóða er almennt heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr og gestahús auk þess sem heimildir eru fyrir skemmu og gripahúsi.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samhliða kynningu á aðalskipulagsbreytingu vegna svæðisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### b) Vestur-Meðalholt L165513; Ný Íbúðarbyggð í dreifbýli; Aðalskipulagsbreyting – 2302029

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar Vestur-Meðalholt í Flóahreppi. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar er varðar Vestur-Meðalholt í Flóahreppi. Í breytingunni felst breytt skilgreining landbúnaðarlands í íbúðarbyggð. Alls er um allt að 20 hektara svæði að ræða fyrir allt að 20 íbúðarlóðir. Lóðirnar geta hver um sig verið 1 til 3 ha og gert verður ráð fyrir rúmum byggingarheimildum. Innan lóða er gert ráð fyrir heimildum til



garðræktar, skógræktar, kolefnisbindingar, takmarkaðs búfjárhalds eða minni háttar atvinnustarfsemi, þ.e.a.s. vinnustofur, gallerý eða gisting í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Sveitarstjórn samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Krækishólar; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2209025**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla eftir auglýsingu. Í breytingunni felst breyting á landnotkun á um 10 ha svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða hefur verið samþykkt breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til lands Krækishóla eftir auglýsingu. Í breytingunni felst breyting á landnotkun á um 10 ha svæði úr frístundasvæði í íbúðarsvæði. Samhliða hefur verið samþykkt breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Krækishólar; Frístundasvæði í íbúðarsvæði; Deiliskipulagsbreyting – 2209023**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga deiliskipulagsbreytingar á deiliskipulagi frístundasvæðis við Krækishóla eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í íbúðarsvæði. Breytingin er í takt við sambærilega umsókn um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Krækishóla. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e) Tildra L235690; Landbúnaðarland og frístundabyggð; Deiliskipulag – 2311005**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis og landbúnaðarsvæðis í landi Tildru í Flóahreppi. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining frístunda- og landbúnaðarlóða auk byggingarheimilda innan þeirra. Við hönnun á byggingum verður lögð áhersla á að láta þær falla inn í umhverfið. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,03 fyrir frístundalóðir. Á landbúnaðarlóðum er heimilt að byggja íbúðarhús auk útihúsa. Hús skulu vera einnar til tveggja hæða og mesta hæð frá botnplötu upp á mæni má vera 7,0 m. Heimilt er að byggja aukahús/gestahús allt að 40 m<sup>2</sup> að stærð og geymslu allt að 25 m<sup>2</sup>. Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingamagni lóðar. Heimilt er að byggja allt að þrjú hús á hverri lóð. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak svo sem þakgluggar, reykháfar og loftræstibúnaður mega fara upp fyrir hámarkshæð þaks að því marki sem nauðsyn ber til. Öll hús á skipulagssvæðinu skulu falla vel að landi. Byggingarreitir

B1 - Heimilt er að byggja frístundahús ásamt gestahúsi/geymslu allt að 150 m<sup>2</sup>. Byggingarreitir B2 - Heimilt er að byggja íbúðarhús ásamt útihúsum og geymslu allt að 350 m<sup>2</sup>  
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist nefndin til þess að aðliggjandi landeigendum verði sérstaklega kynnt framlögð áform.*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis og landbúnaðarsvæðis í landi Tildru í Flóahreppi. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining frístunda- og landbúnaðarlóða auk byggingarheimilda innan þeirra. Við hönnun á byggingum verður lögð áhersla á að láta þær falla inn í umhverfið. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,03 fyrir frístundalóðir. Á landbúnaðarlóðum er heimilt að byggja íbúðarhús auk útihúsa. Hús skulu vera einnar til tveggja hæða og mesta hæð frá botnplötu upp á mæni má vera 7,0 m. Heimilt er að byggja aukahús/gestahús allt að 40 m<sup>2</sup> að stærð og geymslu allt að 25 m<sup>2</sup>. Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingamagni lóðar. Heimilt er að byggja allt að þrjú hús á hverri lóð. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak svo sem þakgluggar, reykháfar og loftræstibúnaður mega fara upp fyrir hámarkshæð þaks að því marki sem nauðsyn ber til. Öll hús á skipulagssvæðinu skulu falla vel að landi. Byggingarreitir B1 - Heimilt er að byggja frístundahús ásamt gestahúsi/geymslu allt að 150 m<sup>2</sup>. Byggingarreitir B2 - Heimilt er að byggja íbúðarhús ásamt útihúsum og geymslu allt að 350 m<sup>2</sup>  
*Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn fer fram á að aðliggjandi landeigendum verði sérstaklega kynnt framlögð áform.*

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Langsstaðir L166251; Langsstaðir 5 L193096; Langsstaðir 2, 3 og 4; Lambastaðir land 3 L199639; Staðfesting og leiðrétting á afmörkunum og stofnun lóða – 2311071**

Lögð er fram umsókn er varðar stofnun þriggja landeigna, Langsstaðir 2, 3 og 4, hnitsetningu og breyttrar stærðar lóðarinnar Langsstaðir 5 L193096, og skilgreiningu jarðarmarka jarðarinnar Langsstaðir L166251 í skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Jafnframt er afmörkun Lambastaða land 3 L199639 leiðrétt sem snýr að sameiginlegri landamarkalínu með Langsstöðum við Volaveg. Við leiðréttinguna minnkar Lambastaðir land 3 um 10.200 fm.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða umsókn er varðar stofnun lóða, afmörkun lóða, landskipti og skilgreiningu jarðarmarka Langsstaða í Flóahreppi. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið með fyrirvara um samþykki lóðarhafa viðeigandi landeigna og að gögn málsins séu fullnægjandi.*

Fyrir liggur umsókn er varðar stofnun þriggja landeigna, Langsstaðir 2, 3 og 4, hnitsetningu og breyttrar stærðar lóðarinnar Langsstaðir 5 L193096, og skilgreiningu jarðarmarka jarðarinnar Langsstaðir L166251 í skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Jafnframt er afmörkun Lambastaða land 3 L199639 leiðrétt sem snýr að sameiginlegri landamarkalínu með Langsstöðum við Volaveg. Við leiðréttinguna minnkar Lambastaðir land 3 um 10.200 fm.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða umsókn er varðar stofnun lóða, afmörkun lóða, landskipti og skilgreiningu jarðarmarka Langsstaða í Flóahreppi. Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki lóðarhafa viðeigandi landeigna og að gögn málsins séu fullnægjandi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g) Selfosslína 1; Breytt lega loftlínu SE1; Fyrirspurn – 2311074**

Lögð er fram fyrirspurn frá Landsnet ehf. er varðar breytta legu á Selfosslínu 1 innan marka Flóahrepps.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerðar athugasemdir við framlagða beiðni um breytingu á aðalskipulagi. Að mati nefndarinnar gæti framlögð breyting talist til óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagsfulltrúa falið að leggja fram viðeigandi rökstuðning þess efnis fyrir fund sveitarstjórnar.*

Fyrir liggur fyrirspurn frá Landsnet ehf. er varðar breytta legu á Selfosslínu 1 innan marka Flóahrepps.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða beiðni um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins er varðar breytta legu Selfosslínu 1. Mælist sveitarstjórn til þess að sameiginleg skipulagslýsing verði unnin með Árborg sem tekur til verkefnisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 196, dags. 06.12.2023**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Erindi frá byggðaðróunarfulltrúa – Tilnefning í verkefnastjórn**

Sveitarstjórn frestaði skipan í verkefnastjórn á síðasta fundi sínum. Landbúnaðar- og atvinnumálanefnd tilnefnir Guðmund Bjarnason í verkefnastjórn. Sveitarstjórn tilnefnir að auki Huldu Kristjánsdóttur sveitarstjóra. Fyrsti fundur verkefnastjórnar verður þann 13. desember.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Erindi frá Orkugerðinni ehf. – Beiðni um sameiningu lóða við Heiðargerði 3 og 5**

Fyrir liggur erindi frá Orkugerðinni ehf. þar sem óskað er eftir því að lóðirnar Heiðargerði 3 og Heiðargerði 5 verði sameinaðar í eina lóð og myndi þannig einn stærri byggingarreit til að leyfa áframhaldandi hagkvæma uppbyggingu á starfseminni svo sem byggingu á geymsluhúsnæði fyrir starfsemina. Í erindinu kemur fram að áhersla er á að bæta allt ytra umhverfi og er meðal annars verið að loka starfsemina betur af með skjólgarði.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir sameiningu lóðanna Heiðargerði 3 og 5 og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram í samráði við sveitarstjóra. Uppfæra þarf lóðarleigusamninga í samræmi við sameiningu lóðanna.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

**5. Erindi frá Votlendissjóði – Ósk um framlengingu á framkvæmdaleyfi**

Fyrir liggur erindi frá Votlendissjóði þar sem óskað er eftir framlengingu á framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis á Sölvaflötum L221040. Núverandi framkvæmdaleyfi var gefið út 14. desember 2022 og gildir til 14. desember 2023. Ekki hefur verið farið af stað í framkvæmdir en verkefnið þó þegar hafið á þann hátt að búið er að taka út svæðið, gera greiningu á ástandi vistkerfa og greiningu á vatnshalla með hæðarmælingum. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að framlengja framkvæmdaleyfi fyrir endurheimt votlendis á Sölvaflötum um eitt ár frá útgáfu leyfis. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá framlengingu á framkvæmdaleyfi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**6. Frá Kvennaathvarfinu – Styrkbeiðni**

Fyrir liggur umsókn um rekstrarstyrk frá Kvennaathvarfinu vegna ársins 2024. Sveitarstjórn Flóahrepps telur sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Elínu Höskuldsdóttur**

Fyrir liggur erindi frá Elínu Höskuldsdóttur þar sem hún óskar eftir lausn úr sveitarstjórn Flóahrepps frá 31. desember 2023 vegna flutnings úr sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar Elínu fyrir gott samstarf og ötult starf í þágu sveitarfélagsins og óskar henni jafnframt gæfu og farsældar í komandi verkefnum.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

**8. Gjaldskrár og álagningarforsendur 2024**

**a) Útsvarsprósenta fyrir 2024**

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta fyrir árið 2024 verði 14,74%

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Álagningarprósenta fasteignaskatts 2024**

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi álagningarprósentu fasteignaskatts 2024.

A-Flokkur 0,47% af fasteignamati

B-Flokkur 1,32% af fasteignamati

C-Flokkur 1,60% af fasteignamati

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Gjaldskrá vegna vatnsveitu og vatnsgjald 2024**

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá vegna vatnsveitu og að vatnsgjald verði eftirfarandi:

A flokkur fyrir utan frístundahús 0,2% af fasteignamati að lágmarki 24.679 kr og að hámarki 48.612 kr.

Frístundahús bera fast gjald að upphæð 41.132 kr.

Vatnstæki í beitarhólfum og óbyggðarlóðir tengdar vatni bera fast gjald að upphæð 24.679 kr.

C flokkur og útihús 0,3% af fasteignamati að hámarki 500.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**d) Gjaldskrá fyrir seyrulosun 2024**

Sveitarstjórn samþykkir að árlegt gjald fyrir seyrulosun þriðja hvert ár að jafnaði verði 15.572 kr. Beiðni um aukalosanir skulu ávallt fara í gegnum þjónustufulltrúa Seyruverkefnis. Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi: Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 42.972 kr ásamt 583 kr fyrir hvern ekinn kílómetra. Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 102.661 kr ásamt 583 kr fyrir hvern ekinn kílómetra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Flóahreppi 2024**

Heimilissorp frá íbúðarhúsnæði skal flokka í fjóra flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir gunneiningu ílátá í hverjum flokki.

Sveitarstjórn samþykkir að sorphirðugjald og sorpeyðingargjald verði óbreytt á milli ára og verður eftirfarandi:

*Sorphirðugjöld 2024:*

140 lítra lífrænn úrgangur	20.081 kr á ári
240 lítra almennur úrgangur	32.406 kr á ári
660 lítra almennur úrgangur	48.609 kr á ári
1100 lítra almennur úrgangur	72.914 kr á ári
360 lítra plast til endurvinnslu	14.000 kr á ári
660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu	21.490 kr á ári

*Sorpeyðingargjald 2024:*

Atvinnurekstur, lögbyli	25.880 kr á ári
Íbúðar- og frístundahús	21.244 kr á ári
Atvinnurekstur/iðnaðarlóðir	46.559 kr á ári

*Gjald fyrir meðhöndlun á dýrahraejum á alla aðila með skráðan bústofn skv. skýrslum frá Matvælastofnun og fer gjald eftir umfangi:*

Lágmarksgjald	5.000 kr á ári
Gjaldflokkur 1	25.000 kr á ári
Gjaldflokkur 2	50.000 kr á ári
Gjaldflokkur 3	75.000 kr á ári
Gjaldflokkur 4	100.000 kr á ári
Gjaldflokkur 5	120.000 kr á ári
Gjaldflokkur 6	140.000 kr á ári

Gjaldskrá er sett í samræmi við lagabreytingu sem tók gildi 1. janúar 2023.

Allir fasteignagreiðendur sem greiða sorpeyðingargjald fá inneignarkort á söfnunarstöð í Hrísmýri á Selfossi. Magn innifalið er 500 kg á árinu 2024.

Aðrar upplýsingar um meðhöndlun úrgangs eru skv. framlagðri gjaldskrá.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Gjaldskrá vegna breytinga á sorpilátum**

Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir viðbótarílát fyrir heimilissorp umfram þau 4 ílát sem lögð eru til verði 15.000 kr á ílát. Fast breytinga/umsýslugjald vegna breytinga er 5.000 kr.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g) Gjaldskrá fyrir mat og heimsending á mat 2024**

Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir mat fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja sem er keyptur í mötuneyti án heimsendingar verði 650 kr máltíð og 1150 kr með heimsendingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**h) Gjaldskrá fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks 2024**

Sveitarstjórn samþykkir að gjald fyrir akstur aldraðra og fatlaðs fólks verði eftirfarandi:

Frá heimili og innan Flóahrepps skv. reglum	285 kr ferðin
Frá heimili og á Selfoss/Árborg skv. reglum	550 kr ferðin
Frá heimili og utan Flóahrepps eða lengra en Árborg skv. reglum	Skv. samkomulagi

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**i) Gjaldskrá og reglur fyrir Þingborg og Félagslund 2024**

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrá fyrir félagsheimilin Þingborg og Félagslund 2024.

Svefnpokapláss grunnskólar	1200 pr. nótt
Svefnpokapláss	3400 pr. nótt
Íþróttir fastir tímar (yfir amk 12 vikna óslitið tímabil)	4000 kr. klst.
Íþróttir stakir tímar (ekki reglubundnir tímar)	6000 kr. klst.
Barnaafmæli án uppröðunar	6000 kr. klst.
Litlir fundir í anddyri án eldhúss	10.000 kr
Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d. skírn). Dagsleiga	30.240 kr
Veislur í litla sal, aðgangur að eldhúsi (t.d. afmæli, útskrift). Kvöldleiga	46.515 kr
Hópar frá 17:00-24:00 (t.d. starfsmannaferðir). Allt húsið.	62.790 kr
Fundir litli salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema)	30.240 kr
Fundir stóri salur (með eða án skjávarpa og hljóðnema)	62.790 kr
Fermingarveislur	72.660 kr
Veisla stóri salur t.d. afmæli/útskrift. Dagsleiga	72.660 kr
Veisla stóri salur t.d. afmæli/útskrift. Kvöldleiga	105.000 kr
Brúðkaup dagsleiga	72.660 kr
Brúðkaup helgarleiga. Tjaldsvæði innifalið í verði.	170.000 kr
Ættarmót dagsleiga	72.660 kr
Ættarmót helgarleiga Tjaldsvæði innifalið í verði.	170.000 kr
Erfidrykkja	72.660 kr
Menningarviðburður 1 (smærri viðburðir, sjálfboðavinna án aðgangseyris)	Samningsatriði
Menningarviðburður 2 (stærri viðburðir, seldur aðgangseyrir t.d. tónleikar)	105.000 kr
Þorrablót og sveitaböll (aðgangseyrir)	1000 pr/miði

Samþykkt með 5 atkvæðum

**j) Gjaldskrá fyrir Flóaljós 2024**

Sveitarstjórn samþykkir framlagða gjaldskrá vegna Flóaljóss.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

*Aðrar gjaldskrár eru óbreyttar.*

**9. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2024-2027 – Síðari umræða**

Fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2024-2027 ásamt greinargerð frá sveitarstjóra.

*Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2024:*

- Tekjur samstæðu A og B hluta 1.162 milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta 1.056 milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 35,3 milljónir króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 12,1 milljónir
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 58,9 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 109 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 11,7 milljónir króna
- Áætlaðar fjárfestingar nema 108 milljónum króna
- Áætluð viðhaldsþörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 25 milljónum króna
- Gert er ráð fyrir lántöku á árinu 2025 vegna fjárfestinga
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,74%

- Álagning fasteignagjalda í A flokki óbreytt eða 0,47%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki óbreytt 1,60%
- Óbreytt gjaldskrá fyrir sorphirðu við heimili og sorpeyðingargjald
- Ný gjaldskrá fyrir dýrahæ
- Ný gjaldskrá fyrir akstur fatlaðs fólks og aldraðra
- Ný gjaldskrá fyrir heimsendingu á mat fyrir eldri borgara
- Uppfærð gjaldskrá félagsheimila
- Óbreytt gjaldskrá vegna fæðis í leik- og grunnskóla, tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs
- Óbreytt gjaldskrá vegna leikskóla, tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs
- Óbreytt vistunargjöld í skólavistun, tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs
- Óbreytt gjaldskrá fyrir hundahald
- 5% hækkun á vatnsgjaldi vegna lágmarks, hámarks og af föstu gjaldi.
- Álagningastofn vatnsgjalds á C flokk og útihús fer úr 0,2% í 0,3%, að hámarki 500.000 kr
- 6% hækkun á seyrulosunargjaldi en gjaldskrá fylgir umsjónarsveitarfélagi

*Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra, stjórnendur deilda, bókarari og launafulltrúi ásamt formönnum nefnda og sveitarstjórn og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2024-2027. Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 10. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 289, dags. 28.11.2023
- b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 17, dags.
- c) Seyrustjórnar nr. 13, dags. 28.11.2023
- d) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 67, dags. 22.11.2023
- e) Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. dags. 27.10.2023
- f) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 232, dags. 27.11.2023
- g) Aðalfundar SASS dags. 26.-27. október 2023
- h) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 3, dags. 09.10.2023 og nr. 4, dags. 13.11.2023
- i) Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða dags. 22.08.2023
- j) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 938, dags. 24.11.2023 og nr. 939, dags. 05.12.2023
- k) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 16, dags. 10.11.2023
- l) Samráðsfundar með Vegagerðinni vegna Hringvegar (1) dags. 06.12.2023

#### 11. Efni til kynningar

- a) Bókun bæjarráðs Árborgar – svæðisskipulag við sveitarfélagamörk við Flóahrepp
- b) Minnisblað fyrir Samtök Orkusveitarfélaga – Skattlagning á vindorkuver í Noregi
- c) Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar
- d) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir), 497. mál
- e) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar 73. mál - Sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn)
- f) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar 509. mál – Húsnæðisstefna fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028
- g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis: Til umsagnar 402. mál – Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra

h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 9. janúar 2024.

Árni Eiríksson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Elin Höskuldsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Harpa Magnúsdóttir  
Walter Fannar Kristjánsson  
Elin Höskuldsdóttir  
Hulda Kristjánsdóttir



## Fundargerð 291. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Fjarfundur  
**Fundardagur:** fimmtudagur 21. desember 2023  
**Fundartími:** 12:00-12:15  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Elín Höskuldsdóttir  
Harpa Magnúsdóttir fjarverandi

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk

Fyrir liggur samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar um 0,23%. Ekki er um ræða ákvörðun sem leiðir til þess að heildarálgur á skattgreiðendur hækki þar sem tekjuskattsálagning lækkar um samsvarandi á móti.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 12.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps að álagningahlutfall úrsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

### 2. Ósk um framkvæmdaleyfi

Fyrir liggur erindi frá Orkugerðinni ehf. er varðar framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst heimild til borunar eftir kælivatni til kælingar á útblæstri verksmiðju Orkugerðarinnar innan iðnaðar- og athafnasvæðis að Heiðargerð. Gert er ráð fyrir því að borun holunnar fari fram á aðliggjandi landi úr landi Hraungerðis auk þess útbúa þarf veg og borplan í tengslum við framkvæmdina. Fyrir liggur samþykki landeiganda í Hraungerði.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrir liggur samþykki landeiganda í Hraungerði og telur sveitarstjórn því ekki vera þörf á grenndarkynningu. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu leyfisins.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Árni Eiríksson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

### 3. Næsti fundur sveitarstjórnar

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 9. janúar kl. 16:00.

Hjalti Guðmundsson kemur inn sem aðalmaður T lista frá og með 1. janúar 2024 fyrir Elínu Höskuldsdóttur sem hefur beðist undan setu í sveitarstjórn vegna flutnings í annað sveitarfélag frá og með sömu dagsetningu.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Árni Eiríksson (sign)  
Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)  
Elín Höskuldsdóttir (sign)

## Fundargerð nr. 18

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur  
Fundardagur: Fimmtudagur 7. desember 2023  
Fundartími: 13:00-14:30  
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður  
Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Börkur Brynjarsson kom inn á Teams undir lið 1

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

- Framkvæmdir við stofnlögn að Skeiðavegi**  
Börkur fór yfir stöð framkvæmda á styrkingu á neysluvatnslögn. Miðar vel áfram. Samtal í gangi við einn landeiganda um endanlega leið í gegnum land. Verkfundargerðir liggja fyrir og voru sendar á nefndarmenn með fundargögnum.
- Fjárfesting í vatnsveitu á árinu 2023**  
Eftir framkvæmdina sem er í gangi er staðan nokkuð góð austur frá Selfossi. Hluti fjárfestingar á árinu 2024 er hugsuð í kortlagningu á veitunni þ.e þarfagreiningu og greiningu á forgangsörðun á viðhaldsverkefnum og framkvæmdum ofl. Gerður verður samningur við verktaka um ákveðin verkefni sem tengjast vatnsveitunni og er gert ráð fyrir aðkeypri vinnu við rekstur og fjárfestingu í fjárhagsáætlun 2024. Nefndin telur að mikilvægt sé að árlega sé gert ráð fyrir um 10-20 milljónum á ári í eðlilega fjárfestingu í vatnsveitunni.
- Framkvæmda- og bygginarnefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla – tilnefning úr framkvæmda- og veitunefnd.**  
Framkvæmda- og veitunefnd tilnefnir Heimi Rafn Bjarkason til setu í framkvæmda- og byggingarnefnd vegna framkvæmda við Flóaskóla á árunum 2024-2026.
- Fulltrúi í verkefnastjórn um sameiginlega atvinnustefnu fyrir Flóahrepp, Árborg, Hveragerði og Ölfus.**  
Engin tilnefning berst úr framkvæmda- og veitunefnd í ofangreinda verkefnastjórn.
- Önnur mál**  
Fulltrúar nefndarinnar kalla eftir stuttri samantekt um notkun á Félagslund og Þingborg á árinu 2023. Sveitarstjóri mun taka saman upplýsingar fyrir nefndarmenn.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

# 1. fundur vinnuhóps/verkefnastjórnar um gerð sameiginlegrar atvinnustefnu fyrir Hveragerði, Árborg og Flóahrepp

Fundur haldinn í Fjölheimum á Selfossi 13.12.23.

Mættir voru: Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir verkefnastjóri og kynningarfulltrúi hjá SASS (í fjar) og Ingunn Jónsdóttir byggðarþróunarfulltrúi neðri hluta Árnessýslu frá Háskólafélagi Suðurlands sem jafnframt ritaði fundargerð, ásamt fulltrúum sveitarfélaganna þriggja sem taka þátt frá eftirfarandi sveitarfélögum;

## Hveragerði

Sigríður Hjálmarasdóttir, menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi (forfölluð)

Marta Rut Ólafsdóttir (varamaður fyrir Söndru Sigurðardóttur fulltrúa í verkefnastjórn)

## Árborg

Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar

Margrét Blöndal, deildarstjóri menningar- og upplýsingadeildar

## Flóahreppur

Hulda Kristjánsdóttir, sveitastjóri Flóahrepps

Guðmundur Bjarnason, fulltrúi í verkefnastjórn

1. Þórður Freyr Sigurðsson kynnti mögulegt ferli við að móta atvinnumálastefnu, vinnulag og tillögur að næstu skrefum hér í n.hl.Á. Þessi hópur fulltrúa sveitarfélaganna þriggja mun taka virkan þátt í því. Verkefnisstjórnun og ut anumhald verður í höndum Þórðar Freys Sigurðssonar, Ingunnar Jónsdóttur og Guðrúnar Á. Sturlaugsdóttur. Nánri útlistun á hlutverkum er að Ingunn verði í hlutverki starfsmans verkefnisstjórnar, Þórður í hlutverki ráðgjafar verkefnisstjórnar og eins Guðrún eftir atvikum.
2. **Verklagið:** unnið verði í megin atriðum eftir handbók sem útbúin hefur verið um gerð atvinnustefnu af SASS og nýttist m.a. við gerð atvinnustefnu fyrir Uppsveitirnar. Útbúin verður verkáætlun sem unnið verður eftir, gert ráð fyrir ca 4-5 fundum með verkefnastjórn. Mögulegt að halda bæði íbúafund/i og íbúakönnun og aðrar leiðir skoðaðar í tengslum við samráð við íbúa.
3. **Umræður:** rætt um spurningakannanirnar – ættu þær mögulega að vera tvær, annars vegar með opnum spurningum og hinsvegar valspurningum (já/nei – haka við). Rætt hvort mögulega ætti að byrja á íbúakönnun og fara svo í íbúafund. Könnun væri mögulega bara SVÓT og draga fram áherslur í opnum spurningum sem gætu stýrt vali á umræðupunktum fyrir íbúafund/i. Eins væri hægt að bæta við könnun eftir íbúafund ef þörf yrði á frekari upplýsingum. Mjög mikilvægt að virkja ungmennaráðin til þátttöku.
4. **Tímalína gæti litið svona út:**
  - Byrja á könnun – seinni part janúar
  - Fundur verkefnastjórnar eftir niðurstöður könnunar (byrjun febrúar)
  - Íbúafundur í lok febrúar
  - Mögulega viðbótar könnun eftir íbúafund ef þarf (byrjun mars)
  - Úrvinnsla og heildarskjal tilbúið til samþykktar fyrir sumarfrí

5. Ákveðið að Ingunn og Þórður taki saman gögn og útbúi tillögu að verkáætlun út frá umræðum á fundinum og sendi verkefnastjórn fyrir næsta fund.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 323

**Staður:** Í fjarfundarbúnaði.

**Dagsetning og tími:** 04.12.2023, kl. 15:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS og Jón Valgeirsson (JV).

### 1. Reikningur frá Sorpstöð Rangæinga v. brennslulausna

Á síðasta fundi stjórnar var tekin fyrir beiðni frá Sorpstöð Rangæinga vegna kostnaðarþátttöku SOS vegns undirbúnings brennslulausna skv. fyrirbyggjandi samantekt kostnaðar. Á aðalfundi SOS 25. október 2019 var stjórn veitt heimild til að gera samstarfssamning við Sorpstöð Rangárvallasýslu vegna verkefnisins. Heimildin fólst í að SOS tæki að sér að fjármagna með láni úr sjóðum SOS helming stofnkostnaðar eða um 40 m.kr. sem síðan yrði endurgreitt á kjörum Lánasjóðs sveitarfélaga.

Fyrirum formaður stjórnar, JV, er mættur á fundinn til að fara yfir málið með stjórn í samræmi við ósk stjórnar þar um á síðasta fundi. Fer hann yfir það að Sorpstöð Rangárvallasýslu hafi farið í samráði við SOS af stað í vinnu við að finna lausnir á móttöku dýrahæa. Verkefnið sé enn í vinnslu og hefur Sorpstöð Rangárvallasýslu tekið að sér móttöku dýrahæa á starfssvæði SOS án þess að formlegur samningur hafi legið fyrir um það. Aðilar hafi unnið að þessu verkefni sameiginlega fyrir starfssvæði SOS í lausnamiðuðu umhverfi og að hafi ekki verið uppleggið að Sorpstöð Rangárvallasýslu færi af stað í þetta verkefni og sæti ein eftir með kostnaðinn.

Stjórn samþykkir að verða við greiðsluþátttökubeiðni Sorpstöðvar Rangæinga að þessu sinni en óskar eftir því að áður en komi til frekari fjárútláta vegna verkefnisins þá verði samstarfssamningur við Sorpstöð Rangæinga um verkefnið kláraður

### 2. Önnur mál

#### - Tillaga um sameiginlega svæðisáætlun á starfssvæði SASS

Rætt um tillögu frá aðalfundi SASS um svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs frá starfsnefndum ársþingsins. Formaður fer yfir möguleikann á sameiginlegri svæðisáætlun sem tekur sérstaklega til Suðurlands og yfirfæra stærri svæðisáætlunina sem hefur verið samþykkt á minna svæði útfra þörfum þeirra sveitarfélaga sem heyra undir starfssvæði SASS. Rætt að útfærsla svæðisáætlunar er kostnaðarsöm og

umfangsmikil í vinnslu og slík vinna þyrfti að hafa í för með sér einhvern ávinning fyrir sveitarfélögin. Ákveðið að formaður óski eftir því fyrir hönd stjórnar SOS að stjórn SASS taki saman upplýsingar um stöðu svæðisáætlana hjá sveitarfélögum innan starfssvæðis SASS.

- **Áhersluverkefni**

Rædd áhersluverkefni fyrir árið 2024 sem voru ákveðin á síðasta fundi stjórnar.

BG fer yfir þá vinnu sem hefur átt sér stað í tengslum við kynningarverkefnið og þörf á því m.a. að sveitarfélögin fími sér sameiginlegan rauðan þráð í fræðsluefni á þessu sviði. Rætt um samræmda flokkun á milli sveitarfélaganna á grundvelli nýrrar lagaumgjörðar sem rauðan þráð til að byggja kynningarefni á í því augnamiði m.a. að spara sveitarfélögunum kostnað við að fara í þessa vinnu í sitthvoru lagi. Ákveðið að óska eftir því Elísabet Björney Lárusdóttir og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, starfsmenn SASS, komi inn á fund stjórnar SOS til að fara yfir mögulegt upplegg í kynningarefni.

Engin önnur mál rædd.

Stefnt er að því að fundur verði haldinn 15. janúar 2024 kl. 14:00.

Fundi slitið klukkan 16:00.



## 604. fundur stjórnar SASS

Austurvegi 56 Selfossi

8. desember 2023, kl. 13:00 – 15:30

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Brynhildur Jónsdóttir, Einar Freyr Elínarson og Njáll Ragnarsson. Þá tekur þátt undir dagskrárlíð 2 frá Norðurflugi Birgir Ómar Haraldsson, forstjóri. Einnig taka þátt Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri þróunarsviðs SASS og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritar fundargerð. Arnar Freyr og Njáll tengjast fundinum með fjarafundarhugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð 603. fundar staðfest og undirrituð.

### 2. Sjúkraþyrla á Suðurlandi

Birgir Ómar kynnir hugmyndir og sýn Norðurflugs tengt rekstri þyrlu til sjúkraflutninga á Suðurlandi. Hann kynnir hver staðan er í löndunum næst okkur og hver þróunin hefur verið. Sjúkraþyrlur eru minni en björgunarþyrlur og talsvert ódýrari í innkaupum og rekstri en björgunarþyrlur. Hægt er að nota sérstakar sjúkraþyrlur með sérmenntaðri áhöfn til að flytja bráðveika og koma þeim fyrr undir læknishendur enda skiptir tíminn öllu máli. Birgir Ómar svarar spurningum og hugleiðingum stjórnarmanna. Formaður þakkar fyrir kynninguna.

Stjórn SASS telur mjög brýnt að styrkja bráðaviðbragð sjúkraflutninga með viðveru sjúkraþyrlu á Suðurlandi þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarkna. Í því skyni hvetur hún heilbrigðisyfirvöld til að hefja tilraunaverkefni sem samþykkt var með þingsályktun á Alþingi um rekstur á sérhæfðri sjúkraþyrlu árið 2019. Þá telur stjórn SASS að rekstur sérhæfðrar sjúkraþyrlu heyri undir starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og hvetur stjórnin ráðherra til að fela HSU verkefnið og með því fjármagn til að sinna því. Þannig verði öryggi eftl og viðbragðstími sjúkraflutninga á stórum hluta Suðurlands stytur umtalsvert.

### 3. Ársþing SASS 2023

- Formaður kynnir niðurstöður viðhorfskönnunar sem gerð var meðal þingfulltrúa um nýliðið ársþing SASS í Vík. Um 77% þeirra sem svöruðu könnuninni voru mjög ánægð eða ánægð með ársþing SASS 2023 þegar á heildina er litið. Þá voru 73% af þeim sem að svöruðu könnuninni mjög ánægð eða ánægð með skipulag og aðstöðu á ársþinginu. Þegar kom að niðurstöðum millipinganefnda voru 80% mjög ánægðir eða ánægðir. Þá voru nokkrar spurningar þar sem að þingfulltrúum var gefinn kostur á að koma öðru á framfæri og einnig voru nokkrar spurningar þar sem að beðið var um að þátttakendur skrifi athugasemdir, tillögur og/eða ábendingar, erfitt er að sjá einhverja eina línu út úr því en samt sem áður eru þar atriði sem



að hægt er að hafa í huga fyrir næstu ársþing s.s. hvernig stuðla megi að meiri umræðu. Viðhorfskönnunin verður aðgengileg á heimasíðu SASS.

- Fundargerð aðalfundar SASS 2023 er aðgengileg á vef samtakanna, sass.is
- Auka- og aðalfundur SASS 2024

Auka aðalfundur samtakanna þarf að halda í síðasta lagi 26. júní nk. til að standast sex ára regluna um samfellda setu í stjórn SASS. Á fundinum verður kosið í stjórn og tillögur að breytingum á samþykktum. Stjórn mun á nýju ári yfirfara gildandi samþykktir samtakanna og mun við yfirferðina, m.a. hafa hliðsjón af umræðu á nýliðnu ársþingi. Fyrirhugað er að halda reglubundið ársþing SASS 2024 í lok október nk.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar stjórnar.

#### 4. Sóknaráætlun Suðurlands

##### a) Staðan 2023 og fjárhagsáætlun 2024

Framkvæmdastjóri kynnir fjárhagsstöðuna 2023 og kynnir drög að fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir komandi starfsár sem er sett fram með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins verði óbreytt frá fyrra ári eða 115 m.kr., framlag sveitarfélaganna verði 14,4 m.kr. og endurúthlutun og eftirstöðvar frá fyrra ári nemi um 21 m.kr. Samtals er áætluð fjárhæð til ráðstöfunar um 152 m.kr. Árið 2024 er gert ráð fyrir að verja 84 m.kr. í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, þ.e. 42 m.kr. í fyrri úthlutun ársins og 42 m.kr. í seinni úthlutun. Á árinu er ætlað að til menningarmála fari samtals 42 m.kr. og til atvinnu- og nýsköpunar samtals 42 m.kr. Til áhersluverkefna er gert ráð fyrir að verja samtals 57 m.kr. og 12 m.kr. fara í umsýslu og annan kostnað tengdan Sóknaráætlun. Sem fyrr segir er framangreind áætlun sett fram með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga.

##### b) Tillögur að áhersluverkefnum

Sviðsstjóri kynnir tillögur að áhersluverkefnum 2024. Hugmyndir að áhersluverkefnum hafa m.a. komið frá hagaðilum í landshlutanum í gegnum heimasíðu samtakanna, á nýliðnu ársþingi samtakanna eða verið ræddar í stjórn.

Þegar hefur verið samþykkt að verja árið 2024 í áhersluverkefni 15 m.kr. í Orkídeu. Í framhaldi af umræðum samþykkir stjórn að Sigurhæðir verði áfram áhersluverkefni og samþykkir að verja til verkefnisins 5 m.kr. Stjórn áréttar mikilvægi þess að SASS fái frá Sigurhæðum fjárhagslegt uppgjör fyrir 2023 og uppfærða áætlun fyrir 2024. Stjórn samþykkir einnig að verja 0,4 m.kr. til verkefnisins Upptaktur 2024.

Varðandi aðrar tillögur að áhersluverkefnum 2024 óskar stjórn eftir nánari upplýsingum um fyrirliggjandi tillögur og bíður með afgreiðslu til næsta fundar.

#### 5. Önnur mál til kynningar og umræðu

##### a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 15. fundar stjórnar SSA, fundargerð 144. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerð 177. fundar stjórnar SSV, fundargerðir 794. – 795. fundar stjórnar SSS, fundargerðir 51. – 56. fundar stjórnar og ársfundar Vestfjarðastofu,





fundargerðir 567. – 568. funda stjórnar SSH, fundargerðir 937. – 939. funda stjórnar sambandsins og fundargerðir 3. – 4. funda stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s.: Opnum fundum um atvinnuuppbyggingu og þróun íbúðamarkaðar á Suðurlandi en að fundinum stóðu Byggðastofnun, HMS, Lóa nýsköpunarstyrkur, Samtök iðnaðarins og í samstarfi við SASS. Á fundinum verður farið yfir stöðu á íbúðamarkaði, stafræn byggingarleyfi, nýsköpunarstyrki, hagkvæmni og skilvirkni í íbúðauppbbyggingu og þau lánaúrræði sem standa til boða bæði hvað varðar rekstur og uppbyggingu íbúða á landsbyggðinni. Hann minnir á að opnað hefur verið fyrir umsóknir vegna C.1, sem eru sértæk verkefni sóknaráætlansvæða. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands 2024 hafa verið formuð. Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023 og skulu tilnefningar berast til SASS fyrir miðnætti sunnudaginn 4. febrúar nk. Áfram er beðið niðurstöðu afgreiðslu fjárlaga 2024. Undirbúningur er hafinn um gerð nýs samnings og mótunar stefnu fyrir Sóknaráætlanir landshlutanna fyrir árabilið 2025-2029.

c. Áform um viðbyggingu við FSu

Formaður kynnir hugmyndir um stækkun húsnæðis við FSu, Hamar en viðbúið er að þar þurfi líka að hafa bóknámsstofur þar sem þröngt er orðið um starfsemina í Odda. Gera má ráð fyrir að framkvæmdin taki nokkur ár. Þar sem sveitarfélögin 13 sem koma að uppbyggingu á FSu þurfa að leggja út samtals 40% af byggingarkostnaði er lagt til að varaformaður SASS boði hagaðila til fundar til að fara yfir stöðuna.

Stjórn SASS áréttaði mikilvægi þess að heimavist verði áfram starfrækt við FSu en verið er að kanna möguleika á að gera samning um leigu á húsnæði. Gera má ráð fyrir að þörfin þar aukist ekki síst þar sem fólksfjöldinn eykst stöðugt á Suðurlandi.

d. Endurnýjun prókúruumboðs

Stjórn endurnýjar prókúruumboð framkvæmdastjóra.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 12. janúar nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 15:30

Ásgerður K. Gylfadóttir  
Grétar Ingi Erlendsson  
Einar Freyr Elínarson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Njáll Ragnarsson  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Arnar Freyr Ólafsson  
Árni Eiríksson  
Brynhildur Jónsdóttir



Selfossi, 14.11.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

14. fundur stjórnar *Brunavarna Arnessýslu* haldinn þriðjudaginn 14. nóvember 2023, kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Sandra Sigurðardóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

- Breyting á stjórnarfyrrikomulagi Héraðsnefndar Árnesinga bs**  
Helgi kynnti breytingar á stjórnarfyrrikomulagi Héraðsnefndar Árnesinga bs sem samþykkt var á síðasta Héraðsnefndarfundi 10. október sl.
- Gosóróinn á Suðurnesjum**  
Pétur fór yfir stöðuna á Suðurnesjunum, hvað hefur verið gert og hvað er mögulega í vændum. Einnig kynnti Pétur „Samkomulag um breytingu á viðbragði komi til rofs á Suðurstrandavegi vegna hraunflæðis“, frá árinu 2021.  
Pétur greindi frá aðkomu BÁ að samhæfingastöð í Skógarhlíð en BÁ hafa verið með tvo menn þar frá því að hættustigi var lýst yfir og gera má ráð fyrir að menn frá BÁ verði þar áfram starfandi meðan þörf er á.
- Aðstoð BÁ við Slökkvilið Grindavíkur í síðasta gosi**  
Pétur fór yfir aðstoð BÁ við Slökkvilið Grindavíkur í síðasta gosi. BÁ fékk greitt fyrir sína aðkomu og eru því tekjur sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023. Umræður um nýtingu teknanna. Stjórn samþykkir að hluti þessara tekna verði varið í kaup á Buggy-bíl sem nýtist við verkefni tengdum gróðureldum og náttúruhamförum.
- Fyrirhuguð bygging Björgunarmiðstöðvar á Flúðum**  
Umræður um næstu skref. Ákveðið að boða oddvita Hrunamannahrepps og formann Björgunarfélagsins Eyvindar á næsta stjórnarfund 12. desember nk til að ræða næstu skref.
- Vinna við byggingu tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni**  
Pétur fór yfir stöðuna á framkvæmdinni. Verið er að ljúka við að teikna bygginguna og í framhaldi af því verður sótt um framkvæmda- og byggingaleyfi hjá sveitarfélaginu.
- Staða Jafnalaunavottunar BÁ**  
Unna fór yfir stöðuna á vinnu við jafnalaunavottun BÁ. Búið er að semja við vottunarfyrirtæki og er fyrsta heimsókn á döfinni í byrjun janúar. Niðurstaða fyrstu launagreiningar innanhúss er að enginn teljandi launamunur sé enda greiðir BÁ öllum í samræmi við kjarasamninga og starfsmat.
- Staða Brunavarnaáætlunar BÁ**  
Lárus fór yfir stöðuna á vinnu við gerð Brunavarnaáætlunar BÁ. Verkefnið er enn í gangi í samstarfi við HMS en vegna stærðar og umfangs BÁ hefur HMS þurft að fara í breytingar á sínum tölvukerfum til að ná utan um verkefnið.
- Staða Gjaldskrár BÁ**  
Pétur fór yfir stöðu á uppfærslu á gjaldskrá BÁ. Gjaldskráin lögð fram til kynningar og vísað til næsta stjórnarfundar.

9. **Skjalavörslumál BÁ**

Pétur fór yfir stöðu skjalavörslumála hjá BÁ. Pétur leggur til að sérfræðingur í skjalavörslumálum verði ráðinn tímabundinn til aðstoðar við að innleiða kerfi til skjalavörslu hjá BÁ á árinu 2024. Stjórn samþykkir að Pétur vinni áfram að þessu máli.


10. **Fyrirspurn um skiptingu launa á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga bs.**

Á haustfundi HÁ bs barst fyrirspurn um skiptingu launa milli starfsmanna í fullu starfi og starfsmanna í hlutastarfi. Slökkviliðsstjóri upplýsir að heildarlaunaliður vegna ársins 2024 er áætlaður rúmar 380 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að laun fastráðinna starfsmanna séu tæplega 192 m.kr. Annar launakostaður tengist hlutastarfandi slökkviliðsmönnum.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið kl. 15:00


# Undirritunarsíða

Formaður stjórnar  
Helgi Kjartansson




Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 14:41:15  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir




Undirritað af:  
Fjóra Steindóra  
Kristinsdóttir  
2702725849  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 14:42:27  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Bragi Bjarnason




Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 14:29:58  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Árni Eiríksson




Undirritað af:  
Árni Eiríksson  
0809664589  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 18:46:11  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Sandra Sigurðardóttir




Undirritað af:  
Sandra Sigurðardóttir  
0602834949  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 15:12:41  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Slökkviliðsstjóri  
Pétur Pétursson




Undirritað af:  
Pétur Pétursson  
2108735979  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 14:30:26  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Varaslökkviliðsstjóri  
Lárus Kristinn Guðmundsson



Undirritað af:  
Lárus Kristinn  
Guðmundsson  
0803843199  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 14:31:49  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d

Fundarritari  
Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:  
Unna Björg Ögmundsdóttir  
0310795359  
Dags: 07.12.2023  
Tími: 14:39:24  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: bd32c4a6-  
17e4-47e2-989a-  
557f3f9ff59d



Selfossi, 12.12.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

15. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 12. desember 2023, kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögnundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps.

1. **Björgunarmiðstöð á Flúðum**

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamanna, ræðir framkvæmd við Björgunarmiðstöð á Flúðum. Jón upplýsti stjórn að gera þurfi deiliskipulagsbreytingar á fyrirhugaðri lóð. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að boða til fundar með forsvarsmönnum Björgunarfélagsins Eyvindar og fulltrúum Hrunamannahrepps um næstu skref og formgera samkomulag sem yrði lagt fyrir stjórn. Jón Bjarnason yfirgefur fundinn.

2. **Verðkönnun vegna jarðvinnu fyrir tækjageymslu á Laugarvatni**

Pétur kynnti verðkönnun vegna jarðvinnu fyrir byggingu tækjageymslu á Laugarvatni. Tilboð bárust frá þremur aðilum og verður samið við lægstbjóðanda.

3. **Gjaldskrá Brunavarna Árnessýslu**

Uppfærð gjaldskrá BÁ lögð fram til samþykktar. Stjórn samþykkir gjaldskrána og formaður undirritar hana. Samþykkt að endurskoða gjaldskrána árlega.

4. **Forvarnastefna Brunavarna Árnessýslu**

Forvarnastefna BÁ lögð fram til samþykktar. Stjórn samþykkir forvarnastefnuna og formaður og slökkviliðsstjóri undirrita hana. Stjórn lýsir því yfir að vinna þessi sé til fyrirmyndar.

5. **Jafnréttisáætlun Brunavarna Árnessýslu**

Jafnréttisáætlun BÁ lögð fram til samþykktar. Áætlunin hefur verið samþykkt af Jafnréttisstofu. Stjórn samþykkir Jafnréttisáætlunina og formaður og slökkviliðsstjóri undirrita hana. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með áætlanagerðirnar og hrósar fyrir vel unnin störf.


6. **Önnur mál**

- a. Starfsmannamál Pétur upplýsti um breytingar á starfsmannamálum á dagvinnu, auglýst var eftir slökkviliðsmanni og varðstjóra í síðustu viku.
- b. Breytingar innanhúss Pétur kynnti hugmyndir af breytingum á skrifstofurýmum

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15:00


## Undirritunarsíða

Formaður stjórnar  
Helgi Kjartansson




Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 18:39:16  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Árni Eiríksson




Undirritað af:  
Árni Eiríksson  
0809664589  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 16:28:27  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Bragi Bjarnason




Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 16:20:17  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir




Undirritað af:  
Fjóla Steindóra  
Kristinsdóttir  
2702725849  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 19:30:15  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir




Undirritað af:  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
2601794709  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 16:08:28  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Slökkviliðsstjóri  
Pétur Pétursson




Undirritað af:  
Pétur Pétursson  
2108735979  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 15:59:58  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Varaslökkviliðsstjóri  
Lárus Kristinn Guðmundsson



Undirritað af:  
Lárus Kristinn  
Guðmundsson  
0803843199  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 15:58:18  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55

Fundarritari  
Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:  
Unna Björg Ögmundsdóttir  
0310795359  
Dags: 12.12.2023  
Tími: 15:59:21  
Ástæða: Samþykkt  
Sigmet ID: 4584c22f-4d82-4149-99bb-4f3ed5be5f55



## 158. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 12.12.2023 kl. 16.30

Mættir: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Hulda Kristjánsdóttir ritari, Halldóra S. Sveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson og Magðalena Jónsdóttir sem tengdist fundinum í gegnum Teams. Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

### 1. Rekstraráætlun 2024

Eyjólfur fór yfir rekstraráætlun 2024. Gert ráð fyrir tapi á yfirstandandi ári. Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur verði um 182.550.000 kr. og áætluð gjöld eru 185.680.000 kr. og því gert ráð fyrir að tap ásins án fjármagnsliða verði um 3 milljónir.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að starfsmenn Fræðslunetsins væru að skoða möguleika á því að auka tekjur og verður þeirri vinnu haldið áfram.

Stjórn samþykkir framlagða rekstraráætlun fyrir árið 2024.

### 2. Sameiningarmál

Fyrir liggur samantekt á upplýsingum vegna umræðu um sameiningu Háskólafélagsins og Fræðslunetsins sem framkvæmdastjóri Fræðslunetsins tók saman að beiðni stjórnar.

Farið var yfir mismunandi þætti; mannauð, markhópa, stefnur félaganna, eigendur og gerð, sameiginleg verkefni, útvistun, hugbúnað og rekstur. Að lokum farið yfir mögulegar sameiningarleiðir og kosti og galla mismunandi möguleika.

Stjórn ákveður að fresta frekari umræðu um sameiningarmál til næsta fundar.

### 3. Önnur mál

Ekki hefur fengist svar frá Sveitarfélaginu Mýrdalshreppi varðandi möguleikann á sameiginlegum starfsmanni þar. Framkvæmdastjóri heldur áfram að vinna að málinu.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:00

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð

# Fundargerð 940. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 15. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Álfhildur Leifsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll, varafulltrúi hennar Álfhildur Leifsdóttir mætti í hennar stað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varafulltrúi hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson boðuðu forföll en varafulltrúar þeirra höfðu ekki tök á að sitja fundinn í þeirra fjarveru.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Málefni fatlaðs fólks - 2205032SA

Lagt fram samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.

Stjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

Í júlí 2022 skipaði félags- og vinnumarkaðsráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk í ljósi mikillar vanfjármögnunar málaflokksins. Hópurinn var skipaður í framhaldi af vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 og starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Hóparnir skiluðu niðurstöðum í maí 2022 sem sýndu umfangsmikinn og vaxandi halla af rekstri málaflokksins frá árinu 2018, en greiningin tók til árána 2018 - 2020. Frá þeim tíma sem sveitarfélög tóku yfir þjónustu við fatlað fólk hafa stjórnvöld og Alþingi tekið stefnumótandi ákvarðanir í málaflokknum í formi setningu laga, reglugerða og framkvæmdaráætlana. Stefnumótunin snýr að framkvæmd og skipulagi þjónustunnar sem hefur bein áhrif á rekstur hennar. Dæmi um slíkar ákvarðanir sem voru jafnframt ekki kostnaðarmetnar á grundvelli 129. gr. sveitarstjórnarlaga:

1. Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
2. reglugerð nr. 1250/2018 um notendastýrða persónulega aðstoð
3. reglugerð nr. 1038/2018 um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir
4. reglugerð nr. 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum



5. reglugerð nr. 1036/2018 um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

6. reglugerð nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu

7. Reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Þar komu fram nýjar áherslur um staðsetningu, gerð og stærð húsnæðis fyrir fatlað fólk. Sett var fram krafa um lágmarksstærð húsnæðis og að íbúðir fyrir fatlað fólk skulu ávallt fullnægja lágmarkskröfum byggingarreglugerðar eins og hún er hverju sinni. Fjármögnun þjónustu við fatlað fólk hefur í grunnin tekið mið af fjárhagsramma sem mótaður var út frá skipulagi þjónustunnar þegar hún var á forræði ríkisins. Samið var um stækkun á þeim fjárhagsramma árið 2015. Eftir þann tíma þá hafa verið gerðar meiri háttar laga- og reglugerðarbreytingar eins og listinn hér að ofan sýnir. Þegar þjónustan var á forræði ríkisins var stór hluti skipulags þjónustunnar í formi sambýla sem nú standast hvorki lög né reglugerðir sem tóku gildi eftir að sveitarfélög tóku ábyrgð á þjónustunni. Meira en helmingur útgjalda þjónustunnar eru vegna þjónustu á heimilum fatlaðs fólks og hafa þau útgjöld vaxið mest í krónum talið frá yfirfærslu málaflokksins.

Stefnan sem mynduð hefur verið um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum hefur færst úr sambýlum eða stofnunum í einstaklingsíbúðir. Þessi stefna hefur kallað á aukinn kostnað til að mæta þessum kröfum annars vegar með fjárfestingu í húsnæði og auknum fjölda stöðugilda. Þessi stefna hefur aldrei verið kostnaðarmetin né fjármögnuð af hálfu stjórnvalda og Alþingis. Sveitarfélög hafa verið skilin eftir til að standa undir fjármögnun þjónustunnar sem meðal annars hefur leitt til þeirra niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018.

Starfshópur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur greint málaflokkinn ítarlega og staðfesta niðurstöður hans áframhaldandi mikinn rekstrarhalla. Stafar hann m.a. af því að markaðar tekjur standa ekki undir kostnaði við lögbundnar skyldur sveitarfélaga. Greining starfshópsins sýnir að halli málaflokksins árið 2021 nam 14,2 ma.kr. Til samanburðar nam halli ársins 2022 um 15,1 ma.kr. Framreiknað er áætlað að kostnaður vegna málaflokksins verði um 58 ma.kr. árið 2024 og áætlaðar tekjur miðað við samkomulagið verði um 46,5 ma.kr. Í fyrirbyggjandi samkomulagi er bættur kostnaðarauki miðað við árið 2021 vegna mats á fjölgun notenda umfram lýðfræðilega þróun, áhrifa framkominna breytinga á þjónustu á heimili fatlaðs fólks, lögfestingar 15 klst. og almennrar þjónustu við málaflokkinn. Þá felur samningurinn í sér að áfallinn kostnaður vegna NPA samninga er viðurkenndur að hluta. Samanlagt er samkomulagið metið á 11,3 ma.kr. vegna ársins 2024. Vantar þá enn um 12 ma.kr. til að koma rekstrinum í jafnvægi að öðru óbreyttu.

Samkvæmt samkomulaginu er því einungis verið að bæta vanfjármögnun málaflokksins að hluta þar sem ekki er verið að bæta áhrif vegna kjarasamninga, áhrif breytinga á þjónustu við börn með fjölpættan vanda og mikilla þjónustuparfa við fullorðinna, þ.e. vegna öryggisvistunar. Samtals námu þeir áhrifaþættir 4,8 ma.kr. árið 2021. Sambandið áskilur sér fullan rétt til að krefjast

áfram fullrar leiðréttingar á fjármögnun vegna þessara þátta. Þá hefur sveitarfélögum ekki verið bættur hallinn á málaflökknum 2022 - 2023.

Með hliðsjón af alvarlegri stöðu barna og fullorðinna með fjölpættan vanda harmar sambandið að ekki hafi verið fallist á að bæta kostnaðarauka vegna þjónustu við þann hóp. Sambandið leggur mikla áherslu á að fyrirkomulag þjónustu og fjármögnun hennar vegna þessa hóps verði skýrð í samræmi við tillögur í skýrslu stýrihóps skipuðum af mennta-og barnamálaráðherra sem fjallar um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölpættan vanda. Þeirri vinnu verði lokið í júní 2024 líkt og gert er ráð fyrir í samkomulaginu.

Í samkomulaginu er í 7. grein fjallað um að gerð verði 7 til 10 ára áætlun um að uppfylla þjónustufarfir í samræmi við lög nr. 38/2018, þ.m.t. sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir. Áréttað er að áætlunin verði kostnaðarmetin og að fjármagn fylgi auknum þjónustukröfum og nauðsynlegri uppbyggingu húsnæðisúrræða. Ekkert í samkomulaginu felur í sér að horft sé til kostnaðar vegna útrýmingar á biðlistum. Sambandið áskilur sér fullan rétt til að krefjast fullrar fjármögnunar vegna þessara þátta. Þá vill sambandið árétt að ekki hefur farið fram kostnaðarmat á landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks og lögfestingu Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Í ljósi stöðunnar getur sambandið ekki stutt að það mál fái framgang fyrr en búið er að klára samkomulag um fjármögnun þeirra þátta sem út af standa og kostnaðarmeta landsáætlunina.

Niðurstöður fyrrgreinds starfshóps staðfesta einnig að kostnaður við málaflökkinn muni vaxa mjög mikið á næstu árum og því afar mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni saman að þeim mikilvægu málum sem framundan eru. Sambandið lítur því svo á að samkomulag þetta sé einungis áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun og framtíðarskipulag þjónustu við fatlað fólk.

**2. Fundargerð 938. fundar - 2301014SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 938. og 939. fundar stjórnar sambandsins frá 24. nóvember og 5. desember 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**

Lögð fram fundargerð 49. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 27. september 2023.

**4. Starf sviðsstjóra þróunarsviðs - 2310009SA**

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu á fundinum um ráðningu í starf sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs, sbr. auglýsingu um starfið 3. október sl. og gerir grein fyrir rökstuðningi með tillögunni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu framkvæmdastjóra og felur honum að bjóða viðkomandi starfið og ganga frá ráðningarsamningi.

5. **Tilnefning nýs aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgang - 2210013SA**

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra og yfirlögfræðings sambandsins, dags. 13. desember 2023, um tilnefningu nýs aðalmanns í verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum.

*Stjórn samþykkir að tilnefna Benedikt Traustason, verkefnisstjóra úrgangsmála hjá Reykjavíkurborg í stað Friðrik Gunnarsson sem hefur látið af störfum.*
6. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í desember 2023.
7. **Kjarasamningar - 2301032SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Félags íslenskra hljómlistarmanna, og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, dags. 14. desember 2024, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamninga við Félag íslenskra hljómlistarmanna og Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.*
8. **Starfsáætlun sambandsins 2024 - 2312016SA**

Rætt um áherslur stjórnar inn í starfsáætlun stjórnar 2024.

*Framkvæmdastjóri fór yfir helstu þætti áætlunarinnar.*
9. **PISA 2022 - 2203010SA**

Lögð fram skýrsla Menntamálastofnunar um helstu niðurstöður PISA 2022 á Íslandi, ásamt samantekt um læsi og farsæld 15 ára barna á Íslandi.

*Stjórn sambandsins leggur áherslu á mikilvægi þess að markvisst sé unnið úr niðurstöðum PISA könnunarinnar og gripið sé til nauðsynlegra aðgerða. Stjórn sambandsins hvetur barna- og menntamálaráðuneytið til þess að færa niðurstöður PISA í þann búning að þær nýtist sveitarfélögunum til þess að bæta skólastarf og menntun barna.*
10. **Minnisblað um frumvarp um grunnrentuskatt og framleiðslugjald á vindorkuver í Noregi - 2302016SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað GB Stjórnsýsluráðgjafar sem unnið var fyrir Samtök orkusveitarfélaga, dags. 20. nóvember 2023, um frumvarp um grunnrentuskatt og framleiðslugjald á vindorkuver í Noregi (Grunnrenteskatt på landbasert vindkraft).
11. **Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga - samþykktir - 2009577SA**

Lagt fram að nýju bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 25. október 2023, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum en málið var áður tekið fyrir á 938. fundi stjórnar sambandsins þann 24. nóvember sl. Á þeim fundi var óskað eftir frekari upplýsingum um ástæður breytinga á samþykktum sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóðnum Brú þá er ástæða breytinga á samþykktum tryggingafræðilegur halli sem er tilkominn annars

vegar vegna innleiðingu á nýju reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastræðfræðinga á lífslíkum landsmanna en nú er gert ráð fyrir að lífaldur haldi áfram að hækka og hins vegar vegna slakrar ávöxtunar á árinu 2022. Tryggingafræðileg staða A deildarinnar var neikvæð um 10,8% í árslok 2022 og þar með kominn yfir viðmið laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr nánar 39. gr. laganna. Einnig var áfallin tryggingafræðileg staða V deildar neikvæð á sama tíma um 13,8%. Voru breytingar gerðar á samþykktum sjóðsins í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings.

12. **Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2310020SA**

Lögð fram stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023.

13. **Fundur stefnumótunarnefndar hagsmunasamtaka sveitarfélaga í Evrópu - 2009035SA**

Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 12. desember 2023, um fund stefnumótunarnefndar hagsmunasamtaka í Evrópu sem haldin var í Prag 6.-7. desember 2023.

14. **Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2312026SA**

Lagt fram til umræðu frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

*Um er að ræða heildarendurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem unnin hefur verið með þátttöku sambandsins og hlotið hefur ýtarlega umfjöllun í ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðs og verið kynntar fyrir sveitarfélögum, nú síðast á ársfundi jöfnunarsjóðs, þar sem fram fór umræða um málið. Stjórn sambandsins hefur haft þá stefnu að fjalla heildstætt um breytingar á því regluverki sem gildir um jöfnunarsjóð og án þess að horfa sérstaklega til áhrifa tillagna á einstök sveitarfélög. Í því ljósi telur stjórnin ekki rétt að hún veiti umsögn um umrætt frumvarp.*

15. **Tilnefning í starfshóp um mótun leiðbeininga um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum - 2311027SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2023, þar sem Sunna Hlín Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, er tilnefnd í starfshóp um mótun leiðbeininga um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum.

16. **Tilnefning í starfshóp um sameiginlegar starfsstöðvar - 2311028SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2023, þar sem Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnarsýslusviði sambandsins, eru tilnefnd í starfshóp um sameiginlegar starfsstöðvar.

17. **Umsögn um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 - Tímabundnar uppbyggingarheimildir - 2311022SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2023, um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 (Tímabundnar uppbyggingarheimildir), mál nr. S-223/2023.
18. **Umsögn um landsáætlun um innleiðingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks - 2311023SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2023, um landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, mál nr. S-230/2023.
19. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim o.fl. - EES-reglur o.fl. - 2312014SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndar- og greiningarsvið Alþingis, dags. 24. nóvember 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr - EES-reglur o.fl., 483. mál.
20. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir - úrbætur í brunavörnum - 2312005SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 5. desember 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur, lögum um mannvirki og lögum um brunavarnir (úrbætur í brunavörnum), 542. mál.
21. **Umsögn um skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu - 2312010SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 7. desember 2023, um skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, mál nr. S-238/2023.
22. **Umsögn um grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks - 2312015SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 8. desember 2023, um grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks, mál nr. S-232/2023.
23. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2312011SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 11. desember 2023, um tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 509. mál.

24. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum - raforkuöryggi  
- 2312024SA**

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum vekja athygli stjórnar sambandsins á umsögn samtakana til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 12. desember 2023, um frumvarp til breytingar á raforkulögum (raforkuöryggi), 348. mál.

Fundi var slitið kl. 14:30



# Almannavarnir Árnæssýslu

3. fundur Almannavarnarnefndar Árnæssýslu, haldinn fimmtudaginn  
14. desember 2023 kl: 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt:

Sveitarfélagið Árborg  
Grímsnes og Grafningshreppur  
Hveragerðisbær  
Flóahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Bláskógabyggð  
Hrunamannahreppur  
Svæðisstjórn Björgunarsveitanna  
Lögreglan á Suðurlandi  
Lögreglan á Suðurlandi/AÁ  
Heilbrigðisstofnun Suðurlands  
Almannavarnir/Brunavarnir Árnæssýslu  
Brunavarnir Árnæssýslu  
Brunavarnir Árnæssýslu

Fjóla St. Kristinsdóttir  
Iða Marsibil Jónsdóttir  
Geir Sveinsson (á teams)  
Hulda Kristjánsdóttir og  
Árni Eiríksson  
Haraldur Þór Jónsson  
Ásta Stefánsdóttir  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Rebekka Sif Gunnþórsdóttir  
Arndís S. Sigurðardóttir  
Björn Ingi Jónsson  
Baldvina Hafsteinsdóttir (á teams)  
Pétur Pétursson  
Lárus Kristinn Guðmundsson  
Unna Björg Ögmundsdóttir (fundarritari)

Fjóla St. Kristinsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fólk velkomið.

- Störf og áherslur líðandi árs.**  
Björn Ingi, verkefnastjóri Almannavarna á Suðurlandi, fer yfir störf sín og áherslur á líðandi ári.
- Endurskipulag viðbragðsáætlana**  
Björn Ingi kynnir endurskipulag viðbragðsáætlana en unnið er að því að stytta og auðvelda viðbragðsáætlanir.
- Vinna við heildar endurskoðun almannavarnalaga**  
Björn Ingi og Aldís segja frá vinnu við heildar endurskoðun almannavarnalaga.
- Aðkoma Brunavarna Árnæssýslu að atburðunum í Grindavík.**  
Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu, segir frá aðkomu BÁ að atburðunum við Litla-Hrút og í Grindavík.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10.

## Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn í fjarfundarbúnaði þriðjudaginn 5. desember 2023 kl. 15:00

### Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður*  
*Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps*  
*Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps*  
*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar*  
*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*  
*Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps,*  
*Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsness og Grafningshrepps*  
*Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps*  
*Geir Sveinsson, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar*  
*Gestur Þór Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss*

Auk þess sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu.

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar SVÁ setur fundinn og býður fundarmenn velkomna.

Formaður tilnefnir sjálfa sig sem fundarstjóra og Aldísi Hafsteinsdóttur sem ritara. Er það samþykkt samhljóða.

Mættir eru fulltrúar frá öllum sveitarfélögum og telst fundurinn löglegur.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Hér var gengið til dagskrár:

1. **Skýrsla stjórnar um starfsárið 2022**
2. **Ársreikningur síðasta rekstrarárs**
3. **Önnur mál**

#### 1. Skýrsla stjórnar og ársskýrsla 2022

Hulda Kristjánsdóttir formaður flytur skýrslu stjórnar. Haldnir voru reglulegir stjórnarfundir og voru það ýmist staðfundir eða fjarfundir.

Frá aukaáðalfundi í júní 2022 sátu eftirfarandi í stjórn byggðasamlagsins: Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Hulda Kristjánsdóttir, Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir og Haraldur Þór Jónsson.

Hlutverk stjórnar er að fara með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar í umboði hlutaðeigandi sveitarstjórna og skal sitja einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi sem skal vera oddviti eða sveitarstjóri þess.



Starfsemi var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu. Hjá byggðasamlaginu starfaði vel menntað, hæft og áhugasamt starfsfólk. Undirbúningur vegna breytinga á byggðasamlaginu þ.e. útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss hófst haustið 2022 en hafði ekki teljandi áhrif á þjónustuna á árinu. Sú breyting tók gildi frá og með 1. mars 2023.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd var starfandi á árinu og var hún skipuð sjö fulltrúum, einum frá hverju sveitarfélagi.

Frá júní 2022 sátu eftirfarandi í skólaþjónustu- og velferðarnefnd: Sigurbára Rúnarsdóttir, Ásmundur Lárusson, Valgerður Sævarsdóttir, Smári B. Kolbeinsson, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Sigurður Einar Guðjónsson.

*Formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. þakkar, fyrir hönd stjórnar, starfsmönnum byggðasamlagsins fyrir gott samstarf í gegnum árin og þakkar um leið sveitarstjórnnum í aðildarsveitarfélögum fyrir samstarf á starfsárinu.*

Hulda gaf deildarstjórum Skóla- og velferðarþjónustu orðið og fóru þeir yfir helstu atriði í ársskýrslu 2022.

## 2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir árið 2022 lagður fram. Farið var yfir reikninginn.

*Reikningur samþykktur samhljóða og verður hann sendur til rafrænnar undirritunar.*

## 3. Önnur mál

- Leitað verður eftir tilboðum vegna endurskoðunar í breyttu byggðasamlagi fyrir árið 2023 og verður það borið undir núverandi stjórn SVÁ.  
*Samþykkt samhljóða.*
- Ekki er þörf á að taka fyrir fjárhagsáætlun 2023 á þessum fundi þar sem breyting hefur orðið á byggðasamlaginu og stjórn þess frá 1. mars 2023.  
*Samþykkt samhljóða.*
- Að lokum þakkaði formaður fyrir gott samstarf undanfarandi ára og óskaði þeim aðilum sem nú ganga út úr samstarfi um skóla- og velferðarþjónustu velfarnaðar í störfum sínum á nýjum vettvangi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:36.

Aldís Hafsteinsdóttir,  
fundarritari

# Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.

---

Ársreikningur

---

**2022**

---

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.  
Breiðamörk 20  
810 Hveragerði

# Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.

---

Ársreikningur

---

**2022**

## Efnisyfirlit

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-8

---

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

---

## Til stjórnar

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2022 fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. byggt á þeim upplýsingum sem stjórn nefndarinnar hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, skýtingar og sundurliðanir.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Hveragerði 2023

**Deloitte ehf.**

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs. er byggðarsamkomulag þar sem eftirtalin sveitafélög eru aðila að: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerði, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitafélagið Ölfus.

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. fer í umboði viðkomandi sveitastjórna og yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar.

Markmið Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls er að efla samstarf milli sveitafélaga á svæðinu og nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna.

Það er álit stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu í árslok

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Hveragerði 2023

Í stjórn

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Ása Valdís Árnadóttir  
Kt. 3004825119  
Dags. 6.12.2023 14:29:58  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Hulda Kristjánadóttir  
Kt. 3001843249  
Dags. 5.12.2023 17:28:47  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Helgi Kjartansson  
Kt. 0211715499  
Dags. 7.12.2023 09:13:03  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Gestur Þór Kristjánsson  
Kt. 1611724059  
Dags. 5.12.2023 18:01:39  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Gelr Svelnsson  
Kt. 2701642699  
Dags. 11.12.2023 12:43:56  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Haraldur Þór Jónsson  
Kt. 2705765089  
Dags. 5.12.2023 21:53:31  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Aldís Hafsteinsdóttir  
Kt. 2112645009  
Dags. 6.12.2023 08:51:59  
Ástæða: Undirritun

## Rekstrarreikningur ársins 2022

---

	Sundurl.	2022	Fjárhags- áætlun	2021
Rekstrartekjur .....	1	149.695.462	151.467.000	141.343.354
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	2	(116.622.331)	(125.655.000)	(102.423.382)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	3	(20.205.156)	(12.220.000)	(22.455.333)
Annar rekstrarkostnaður .....	4	(12.867.975)	(13.592.000)	(16.464.639)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

---

Eignir	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á tengd félög .....	4	1.802.546	12.907.354
		<u>1.802.546</u>	<u>12.907.354</u>
<b>Eignir</b>		<u>1.802.546</u>	<u>12.907.354</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við tengd félög .....	5	1.802.546	12.907.354
		<u>1.802.546</u>	<u>12.907.354</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>1.802.546</u>	<u>12.907.354</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		0	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Hækkun á kröfum á tengd félög .....		11.104.808	(9.075.071)
		11.104.808	(9.075.071)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Hækkun á skuldum við tengd félög .....		(11.104.808)	9.075.071
		(11.104.808)	9.075.071
Hækkun handbærs fjár .....		0	0
Handbært fé í upphafi árs .....		0	0
Handbært fé í lok árs .....		0	0



# Skýringar

## 1. Starfsemi

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs, er skipuð af sveitarfélögum sem eru aðilar að byggðarsamkomulagi um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls vinnur að því markmiði að efla samstarf milli sveitafélaganna í Árneshvíl og nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla og velferðarþjónustu á svæðinu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun .....	93.042.151	83.177.104
Lífeyrissjóður .....	11.947.090	10.591.174
Önnur launatengd gjöld .....	9.792.705	8.475.582
Annar starfsmannakostnaður .....	1.840.385	179.522
	<u>116.622.331</u>	<u>102.423.382</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	6	6

## 4. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur	31.12.2022	31.12.2021
Kröfur á tengd félög .....	1.802.546	12.907.354
	<u>1.802.546</u>	<u>12.907.354</u>

## 5. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir við tengd félög .....	1.802.546	12.907.354
	<u>1.802.546</u>	<u>12.907.354</u>

# Skýringar

## 6. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar, eru þau sveitafélög sem eru aðilar að byggðasamkomulagi um Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

### Velferðarþjónusta - Skipting milli sveitafélaga 2022

	Íbúa- fjöldi	Hlufall	Kostnaður 2022	Innheimt 2022	Inneign (skuld)
Bláskógabyggð .....	1.156	12,5%	6.527.567	7.884.000	(1.356.433)
Flóahreppur .....	697	7,6%	3.935.739	4.740.000	(804.261)
Grímsnes- og grafningshreppur .....	530	5,7%	2.992.743	3.372.000	(379.257)
Hrunamannahreppur .....	828	9,0%	4.675.455	5.592.000	(916.545)
Hveragerði .....	2.980	32,3%	16.827.120	18.863.004	(2.035.884)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....	565	6,1%	3.190.377	3.984.000	(793.623)
Sveitarfélagið Ölfus .....	2.465	26,7%	13.919.078	15.780.000	(1.860.922)
	9.221	100%	52.068.079	60.215.004	(8.146.925)

### Skólaþjónusta - Skipting milli sveitafélaga 2022

	Nemenda fjöldi	Hlufall	Kostnaður 2022	Innheimt 2022	Inneign (skuld)
Bláskógabyggð .....	207	12,8%	12.466.914	11.652.000	814.914
Flóahreppur .....	152	9,4%	9.154.449	8.556.000	598.449
Grímsnes- og grafningshreppur .....	66	4,1%	3.974.958	3.720.000	254.958
Hrunamannahreppur .....	115	7,1%	6.926.064	6.480.000	446.064
Hveragerði .....	566	34,9%	34.088.278	31.871.004	2.217.274
Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....	102	6,3%	6.143.117	5.748.000	395.117
Sveitarfélagið Ölfus .....	413	25,5%	24.873.602	23.256.000	1.617.602
	1.621	100%	97.627.383	91.283.004	6.344.379

### Viðskipti við tengd félög árið 2022

	Kröfur	Skuldir	Samtals
Bláskógabyggð .....	814.914	(1.356.433)	(541.518)
Flóahreppur .....	598.449	(804.261)	(205.812)
Grímsnes- og grafningshreppur .....	254.958	(379.257)	(124.299)
Hrunamannahreppur .....	446.064	(916.545)	(470.482)
Hveragerði .....	2.217.274	(2.035.884)	181.390
Skeiða- og Gnúpverjahreppur .....	395.117	(793.623)	(398.506)
Sveitarfélagið Ölfus .....	1.617.602	(1.860.922)	(243.320)
	6.344.379	(8.146.925)	(1.802.546)

# Sundurliðanir

	2022	Fjárhags- áætlun	2021
<b>1. Rekstrartekjur</b>			
Endurgreiðsla .....	149.695.462	151.467.000	141.343.354
	<u>149.695.462</u>	<u>151.467.000</u>	<u>141.343.354</u>
<b>2. Laun og annar starfsmannakostnaður</b>			
Vinnulaun .....	91.518.509	98.579.000	82.580.547
Önnur laun .....	1.523.642	2.098.000	596.557
Bifreiðastyrkir .....	1.016.859	800.000	864.564
Tryggingagjald .....	6.759.503	6.860.000	5.812.486
Lífeyrissjóður .....	11.947.090	13.323.000	10.591.174
Aðrir sjóðir .....	3.033.202	3.087.000	2.663.096
Námskeið og endurmenntun starfsmanna .....	(174.619)	577.000	(1.079.500)
Annar starfsmannakostnaður .....	998.145	331.000	394.458
	<u>116,622,331</u>	<u>125,655,000</u>	<u>102,423,382</u>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta .....	3.023.015	740.000	1.367.202
Sími .....	262.568	320.000	358.009
Burðargjöld .....	3.697	0	0
Pappír, prentun og ritföng .....	196.084	300.000	466.931
Bækur, blöð og áskrift .....	245.107	210.000	327.993
Fndurskoðun og reikningsskil .....	90.875	0	0
Önnur aðkeypt þjónusta .....	16.383.810	10.650.000	19.935.198
	<u>20.205.156</u>	<u>12.220.000</u>	<u>22.455.333</u>
<b>4. Annar rekstrarkostnaður</b>			
Húsaleiga .....	1.776.126	1.728.000	1.633.664
Rafmagn og hiti .....	366.520	199.000	128.595
Viðhald húsnæðis .....	62.929	1.400.000	3.143.570
Öryggisþjónusta .....	102.628	130.000	101.591
Ræsting og hreinlætisvörur .....	1.012.655	650.000	1.151.771
Vátryggingar húsnæðis .....	75.597	60.000	69.824
Gámalosun .....	97.443	25.000	0
Annar húsnæðiskostnaður .....	319.740	284.000	293.347
Aðkeyptur akstur .....	84.000	0	0
Rekstur bifreiða .....	6.549.402	5.700.000	6.166.624
Viðhald áhalda og tækja .....	215.443	1.000.000	911.641
Auglýsingar .....	49.891	0	388.141
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði .....	2.013.737	2.166.000	2.106.423
Ýmis kostnaður .....	141.864	250.000	369.448
	<u>12.867.975</u>	<u>13.592.000</u>	<u>16.464.639</u>

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Ása Valdís Árnadóttir  
Kt. 3004825119  
Dags. 6.12.2023 14:30:23  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Helgi Kjartansson  
Kt. 0211715499  
Dags. 7.12.2023 09:13:45  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Gelr Svelnsson  
Kt. 2701642699  
Dags. 11.12.2023 12:44:27  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Hulda Kristjánsdóttir  
Kt. 3001843249  
Dags. 5.12.2023 17:37:53  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Björn Þór Kristjánsson  
Kt. 1611724059  
Dags. 5.12.2023 18:02:11  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Haraldur Þór Jónsson  
Kt. 2705765089  
Dags. 5.12.2023 21:54:25  
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Kt. 2112645009  
Dags. 6.12.2023 08:52:34  
Ástæða: Undirritun